

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Teygingarlækjar í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 13. nóvember 2000, samþykkt deiliskipulag fyrir fiskeldistöð í landi Teygingarlækjar í Skaftárhreppi.

Deiliskipulagið tekur til um 15 ha svæðis sunnan Þjóðveggar nr. 1 við Teygingarlæk.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 30. apríl 2001.

F.h. Skaftárhrepps,

Benedikt Lárusson byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 714, 6. október 2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Noregi.

1. gr.

Í 2. gr. auglýsingarinnar breytist dagsetningin „1. apríl 2001“ í dagsetninguna: „1. febrúar 2002“.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. apríl 2001.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.

SAMÞYKKT

um hundahald á Akureyri.

1. gr.

Hundahald í lögsagnarumdæmi Akureyrar sætir þeim takmörkunum sem um greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita mönnum búsettum í bænum leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Leyfi skal bundið við nafn og heimili lögráða einstaklings og óheimilt að framselja það. Leyfi til hundahalds tekur aðeins til þess að halda hund á lögheimili leyfishafa. Í undan-tekningartilvikum er þó heimilt að víkja lögheimilisskilyrðinu, ef um er að ræða skamm-